

Fundur 22.1.2024 Þorsteinn Guðjónsson

Góða kvöldið.

Góða kvöldið.

Þorsteinn Guðjónsson.

Já sæll.

Já sæll vertu. Ég ætla nú ekki að vera lengi, við höldum áfram með allavega eitt samtal og vona að móðir þín sé við sæmilega heilsu enn þá.

Já, já, ég heimsótti hana í gær, hún er alveg sæmilega hress.

Og svo ætlum við meira að segja að fá hana í heimsókn um næstu helgi ef hægt er.

Já.

Það eru nú alveg stöðugar hjá henni, og þið leggið nú ykkar líka til.

Já, þau eru hér bæði hjónin og þau hafa áhyggjur af Þórarni, syninum.

Já Elsa og Sveinn meinar þú ?

Já, og senda ykkur öllum kveðjur og sérstaklega þér Þorsteinn.

Já takk fyrir það.

Já ég hef lagað aðeins til, gert hlutina aðeins betri.

Já við þökkum innilega fyrir það og vonum að við náum að senda ykkur meiri orku þannig að betur gangi og sendum orku til bróður þíns og ekki vanþörf á því og ykkar allra.

Og athugaðu þá með hana Arnrúnu, hún þarf meiri styrk.

Já.

Hún er mjög langt niðri.

Já gott að þú minntist á það líka, við,

Já það þarf að eins að hjálpa henni sko,

Já.

Ég ætla nú ekki að tala neitt meira í kringum þessa hluti en það þarf að gera það.

En þú færð styrk af landslaginu er það ekki, þú ferð þarna,

Jú mikinn styrk.

Já.

Við fórum þarna við bræðurnir, ég sagði við Árna bróður minn að við skyldum fara þarna upp í kinn og vera þar og hugleiða.

Já.

Ég sagði við að hann að það skipti máli vegna þess að forfeður okkar hefðu lifað þarna nálægt og
Já já.

Það skiptir máli.

Og þú sendir þeim kveðju mína og okkar hérna.

Já.

Og já, það er nú þau hefðu gaman af því mörg að komast í sambandið, sérstaklega afi þinn, hann
hefur nú alltaf brennandi áhuga á þessu og kannski það verði fljótlega.

Mig verður oft hugsað til hans.

Já.

Til Þorsteins.

Nú verðið þið að fara að hugsa vel um íslensku þjóðina og framtíð hennar og stöðva ýmsa
neikvæða framvindu sem er hér í gangi, þú veist nú örugglega hvað ég á við.

Já ég skil það svo sannarlega, við viljum gera okkar, en það verður nú að vera mikið í ykkar
höndum og kalla unga fólkið til ábyrgðar, er það ekki.

Jú.

En við munum vissulega, það er orðið of langt síðan ég hef verið með erindi um þetta og gott að
þú minntir mig á það sonur.

Já.

Ég ætla að reyna að fjalla um þetta við tækifæri.

Ég þakka fyrir og við höldum áfram með fundinn.

Verið þið sæl.

Vertu sæll.